

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, Kveldúlfsgata, (Dílatangi).

Samkvæmt 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að almennt útivistarsvæði (óbyggð svæði) breytist í íbúðarsvæði og að hluta til í opið svæði til sérstakra nota. Jafnframt er gert ráð fyrir landfyllingu á þessu svæði við Borgarvog.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2007